Nd. **119. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 3. okt. 1903.

Nefndin er á einu máli um það, að kjördagur sá, sem nú er lögákveðinn 10. september, sé ekki allskostar hagkvæmur landsmönnum, einkum sjómannastéttinni, og ástæða sé til að færa hann lengra fram á haustið, þegar haustannir (fjallgöngur, réttahöld, sláturtaka og aðdrættir) eru um garð gengnar. Sömuleiðis þykir betur við eiga, að kjördagur sé settur þannig, að hann beri aldrei upp á sunnudag. Að öllu athuguðu, er það tillaga nefndarinnar, að almennur kjördagur sé ákveðinn fyrsti vetrardagur.

Ennfremur hefir nefndin athugað, að þar sem svo er ákveðið í 12. gr. kosningarlaganna, að á aukakjörskrá skuli settir þeir, sem ekki hafa kosningarrétt þá er skráin er samin (í janúar), en vitanlegt þykir, að fullnægja muni skilyrðum þeim, sem til kosningarréttar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, þá er þetta ekki í samræmi við 11. gr. laganna, er skipar svo fyrir, að á aðalkjörskrá skuli taka alla þá, er fyrir 1. júlí fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir því, að geta neytt kosningarréttar. Úr téðum galla má bæta með því, að láta aukakjörskrána að eins ná til þeirra, sem ekki eru búnir að ná kosningarréttí, þá er kjörskráin gengur í gildi.

Þá hefir því verið haldið fram, að 7 daga frestur sá, sem ákveðinn er í 21. gr. kosningarlaganna til að fullgera kjörseðla, eftir að framboðsfrestur er liðinn, sé of stuttur í sumum kjördæmum landsins, og leggur nefndin til, að hann sé lengdur um 3 daga. Sömuleiðis hefir meiri hluti nefndarinnar komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að breyta tímatakmarki fyrir þingmenskuframboð samkvæmt 23. gr. kosningarlaganna, þannig, að það sé komið í hendur yfirkjörstjórn 6 vikum á undan kjördegi.

Nefndinni hefir borist erindi þess efnis, að blindum mönnum og öðrum þeim, er ekki geta fullnægt ákvæðum 35. gr. kosningarlaganna, að því er snertir kosningarathöfn, sé ekki þar fyrir meinað að neyta kosningarréttar síns. Úr þessu er auðvelt að bæta með því, að taka upp samskonar ákvæði og nú er í lögum um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum frá 10. nóv. 1903, 6. gr., er leyfir kjósanda, þegar svo á stendur, að njóta aðstoðar eins úr kjörstjórninni. En þá leiðir það af sjálfu sér, að ákvæði 61. gr. kosningarlaganna um, að kjörstjóri megi ekki skoða atkvæðisseðil kjósanda, verður eigi beitt gagnvart þeim, er kjósandi kveður sér til aðstoðar.

Út af ágreiningi, er risið hefir um það, hvernig fara skuli að, þegar þingmannskosning er ógilt af alþingi, þykir rétt að taka af öll tvímæli í því efni með beinu lagaákvæði um, að þá skuli ný kosning fram fara.

Nefndin ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum og viðaukum:

Á undan frumvarpsgreininni komi 2 nýjar greinar:

1. gr.

Á aukakjörskrá þá, sem um er rætt í 12. gr. laga um kosningar til alþingis 3. okt. 1903, skulu þeir settir, sem ekki hafa kosningarrétt, þá er kjör-

skrá gengur í gildi (1. júli), en vitanlegt þykir að fullnægja muni þeim skilyrðum, sem til kosningarréttar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir.

2. gr.

Frestur sá, sem í 21. gr. kosningarlaganna er ætlaður yfirkjörstjórn til að fullgera kjörseðla, skal vera 10 dagar.

Þingmenskuframboð samkvæmt 23. kosningarlaganna skal vera komið í hendur yfirkjörstjórn eigi síðar en 6 vikum á undan kjördegi.

Frumvarpsgreinin orðist þannig:

3. gr.

Almennar reglulegar kosningar til alþingis, sem með 25. gr. kosningarlaganna er ákveðið að fari fram 10. dag septembermánaðar, skulu hér eftir fram fara fyrsta vetrardag.

Aftan við frumvarpið bætist 2 nýjar greinar:

4. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, og færir sérstakar ástæður fyrir því, er kjörstjórn metur gildar, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.

5. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógilt samkvæmt 29. gr. stjórarskrárinnar, sbr. 41. og 48. gr. kosningarlaganna, skal stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu svo fljótt sem verða má.

Alþingi, 5. marz 1909.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögum. Eggert Pálsson.

Jón Þorkelsson. Þorleifur Jónsson.